



SKRÁNINGARLÝSING
Verðtryggð skuldabréf
Sparisjóðs vestfirðinga
1. flokkur 2003

JÚLÍ 2003

YFIRLÝSING, ÚTGEFANDA UMSJÓNARAÐILA OG ENDURSKOÐENDA

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, kt. 610269-2499, Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri, lýsir því hér með yfir að skráningarlýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir. Hún er gerð á grundvelli 6.gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík 14. júlí 2003
f.h. Sparisjóðs Vestfirðinga

Angantýr V. Jónasson, kt. 190455-2469, sparisjóðsstjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Umsjónaraðili skráningar í Kauphöll Íslands, Sparisjóðabanki Íslands hf, kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík, hefur samið skráningarlýsingu þessa í samvinnu við stjórn og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Vestfirðinga. Sparisjóðabanki Íslands hf. hefur í því skyni aflað þeirra gagna frá félaginu og löggiltum endurskoðendum þess sem talin voru nauðsynleg. Sparisjóðabanki Íslands lýsir því yfir að skráningarlýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir. Hún er gerð á grundvelli 6.gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík 14. júlí 2003
f.h. Sparisjóðabanka Íslands hf.

Valgeir K. Gíslason, kt. 080657-4989, framkvæmdastjóri viðskiptastofu

YFIRLÝSING ENDURSKOÐENDA

Við undirritaðir, endurskoðendur Sparisjóðs Vestfirðinga, KPMG Endurskoðun hf., Vegmúla 3, 108 Reykjavík, kt. 590975-0449, höfum endurskoðað og áritað án fyrirvara ársreikning Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir árið 2002. Við staðfestum að reikningarnir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 14. júlí 2003
Fyrir hönd KPMG Endurskoðunar hf.

Helgi F. Arnarson, kt. 030657-2339

**ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SÖLU OG SKRÁNINGU SKULDABRÉFA
SPARISJÓÐS VESTFIRÐINGA,**

1. FLOKKUR 2003

1. Upplýsingar um útgefanda

Útgefandi	Sparisjóður Vestfirðinga, kt. 610269-2499, Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri, sími 456-8119, fax 456-8385, heimasíða www.spvf.is.
Ákvörðun um útgáfu	Á fundi þann 25. febrúar 2003 samþykkti stjórn útgefanda að gefinn yrði út flokkur verðtryggðra skuldabréfa á innlendum markaði að fjárhæð allt að 1.000.000.000 kr. Ekki verður um frekari stækkun á flokknum að ræða.
Starfsemi	Samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins starfar Sparisjóður Vestfirðinga samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og IV. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sérstakt hlutverk útgefanda er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í fyrrnefndum lögum.

2. Skráning og viðskiptavakt

Umsjón með sölu og skráningu	Sparisjóðabanki Íslands hf., kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík, sími 540-4000, bréfsími 540-4181, netfang icebank@icebank.is.
Skráning	Kauphöll Íslands hefur samþykkt að skrá þegar útgefin og seld skuldabréf að fjárhæð 300.000.000 kr. Þau verða skráð 21. júlí 2003 enda uppfylli þau skilyrði skráningar.
Auðkenni	Auðkenni skuldabréfanna í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands er SPVF 03 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000007672.

3. Almennar upplýsingar um skuldabréfin

Nafnverð og lánstími	Flokkurinn er nú 300.000.000 að nafnverði en getur orðið allt að 1.000.000.000 kr. að nafnverði. Skuldabréfin í flokknum eru til sjö ára og útgefin þann 15. mars 2003 með gjalddaga höfuðstóls 15. mars 2010. Sölutímabil flokksins er 15. mars 2003 til 15. mars 2004. Eftir að sölutímabilinu lýkur verður flokknum lokað.
Uppgreiðsluheimild	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
Nafnvextir og verðtrygging	Af skuld þessari greiðast 7,00% fastir ársvextir af uppfærðum höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá 15. mars 2003 og greiðast á 7 gjalddögum eftir á, hin 15. mars ár hvert, í fyrsta sinn 15. mars 2004 og í síðasta sinn 15. mars 2010.

Skráningarlýsing skuldabréfa Sparisjóðs Vestfirðinga

	<p>Höfuðstóll skuldabréfanna er bundinn vísitölu neysluverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu 226,7 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalldaga.</p>
Tryggingar og réttindi	<p>Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Sparisjóður Vestfirðinga ábyrgist endurgreiðslu skuldabréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin hlunnindi né forkaupsréttarákvæði eru tengd útgáfu skuldabréfanna.</p>
Viðskiptavakt	<p>Engin viðskiptavakt verður með skuldabréf þessi.</p>
Einingar skuldabréfanna	<p>Nafnverð hvers skuldabréfs er 10.000.000 kr. Fjöldi bréfa er 30 og bera þau númerin 20031001-20031028 og 20031049-20031050. Ef gefin verða út fleiri skuldabréf í flokknum þá mun talnaröðin halda áfram frá og með 20031029-20031048 og síðan frá og með 20031051.</p>
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	<p>Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 7,20% sem jafngildir sölugenginu 0,9893. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna á sölutímabilinu er hægt að fá hjá útgefanda.</p>
Fyrirkomulag sölu	<p>Þær 300.000.000 sem gefnar voru út að þessu sinni voru seldar gegn staðgreiðslu og eru öll þau bréf þegar seld.</p>
Söluaðili og greiðslustaður	<p>Sparisjóðabanki Íslands hf. er seljandi skuldabréfanna. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfs hjá Sparisjóði Vestfirðinga, Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri, nema öðrum aðila verði falið það til innheimtu.</p>
Tilgangur sölu	<p>Tilgangur sölu er að afla fjár til starfsemi útgefanda.</p>
Heildarupphæð sem aflast	<p>Útgefandi aflaði tæplega 300.000.000 með sölu skuldabréfanna að þessu sinni.</p>
Skattamál	<p>Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, er útgefanda skylt að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð.</p>
Stimpilgjald	<p>Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi skv. 110.gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.</p>
Framsal	<p>Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Við eigendaskipti að skuldabréfunum skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið bréfanna og þar greindur framsalsdagur og kaupverð svo og nafn, kennitala og heimilisfang nýs eiganda. Óheimilt er að framselja skuldabréfin til handhafa. Sé röð framsala gölluð verða skuldabréfin ekki innleyst nema handhafi leiði sönnur að eignarheimild sinni.</p>
Fyrningarákvæði	<p>Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, sbr. lög nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.</p>

Skráningarlýsing skuldabréfa Sparisjóðs Vestfirðinga

Viðtökudráttur og vanskil

Verði skuldabréfunum framvísað eftir gjalddaga munu kröfuhafa hvorki verða greiddar verðbætur né dráttarvextir frá gjalddaga til greiðsludags. Verði vanskil á greiðslu skuldabréfanna greiðast dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Vestfirðinga samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn um útgefanda sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Sparisjóðabanka Íslands hf., Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík. Skráningarlýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu Sparisjóðabanka Íslands hf., www.icebank.is.

4. Almennar upplýsingar um útgefandann

Sparisjóður Vestfirðinga starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem tóku gildi 1. janúar 2003. Starfsemi Sparisjóðs Vestfirðinga fellur undir Fjármálaeftirlitið og þarf að uppfylla reglur um eiginfjárhlutfall skv. CAD-reglum sem og önnur ákvæði laga og reglna. Hlutverk Sparisjóðs Vestfirðinga er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áður greindum lögum. Eins og segir í 3. gr. samþykktu sparisjóðsins starfar hann samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og er hlutverk hans að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í þeim lögum. Sparisjóður Vestfirðinga varð til með sameiningu fjögurra sparisjóða hinn 28. apríl árið 2001. Þeir voru Sparisjóður Önundarfjarðar, Sparisjóður Þingeyrarhrepps, Sparisjóður Súðavíkur og Eyrasparisjóður. Af þessum sameinuðu sjóðum er Sparisjóður Þingeyrarhrepps þeirra elstur, stofnaður þann 14. mars 1896 og hét þá Sparisjóður Vestur - Ísafjarðarsýslu. Hinn nýji sjóður á því rætur í liðlega aldar gamalli og farsælli sögu sparisjóða á Vestfjörðum. Sparisjóður Önundarfjarðar var stofnaður hinn 9. ágúst 1918, Eyrasparisjóður var stofnaður hinn 28. mars árið 1929 og yngstur þeirra er Sparisjóður Súðavíkur sem var stofnaður hinn 11. apríl árið 1972. Aðsetur Sparisjóðsins er að Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri. Sparisjóður Vestfirðinga rekur einnig afgreiðslur að Aðalstræti 17, Ísafirði, Ránargötu 1 Flateyri, Grundarstræti 3-5, Súðavík, Bjarkargötu 1, Patreksfirði, Lönguhlíð 1, Bíldudal, Strandgötu 38, Tálknafirði og á Króksfjarðarnesi. Sparisjóðsstjóri er Angantýr V. Jónasson. Stöðugildi voru 38 að meðaltali hjá sparisjóðnum árið 2002. Stofnfé Sparisjóðs Vestfirðinga að frádregnum eigin bréfum nam í árslok 2002 86.556.421.- kr. samkvæmt ársreikningi og skiptist á 335 aðila.

Ýmsar upplýsingar

Sparisjóður Vestfirðinga á ekki í málaferlum né gerðadómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans. Engin umtalsverð truflun hefur orðið á starfsemi Sparisjóðs Vestfirðinga frá stofnun hans sem hefur haft eða kann að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans.

Lykiltölur úr rekstri

	Í þúsundum kr.	2002	2001	2000*
Vaxtatekjur		763.642	846.212	550.336
Vaxtagjöld		453.227	541.207	354.898
Hreinar vaxtatekjur		310.415	305.005	195.438
Aðrar rekstrartekjur		118.391	109.184	301.343
Önnur rekstrargjöld		286.990	289.437	207.626
Framlag í afskriftareikning útlána		(132.210)	(221.796)	(146.314)
Hagnaður fyrir tekju- og eignaskatta		9.606	(97.044)	142.841
Hagnaður		10.294	(82.743)	139.880

* Tölur ársins 2000 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum hina sameinuðu sjóða fyrir árið.

Lykiltölur úr efnahag

	Í þúsundum kr.	2002	2001	2000*
Sjóður og kröfur á lánastofnanir		426.789	547.611	598.188
Útlán		5.415.850	5.101.516	4.383.472
Markaðsskuldabréf og eignarhlutar í félögum		575.894	452.939	404.524
Aðrar eignir		327.188	348.436	422.995
Eignir alls		6.745.721	6.450.502	5.809.179
Skuldir við lánastofnanir		643.484	872.444	759.768
Innlán		3.752.671	3.037.357	2.647.634
Lántaka		1.473.288	1.658.343	1.521.742
Aðrar skuldir		65.339	72.852	84.333
Reiknaðar skuldbindingar		21.557	19.687	15.506
Víkjandi lán		154.632	160.412	146.564
Eigið fé		634.750	629.407	633.632
Skuldir og eigið fé alls		6.745.721	6.450.502	5.809.179

* Tölur ársins 2000 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum hina sameinuðu sjóða fyrir árið.

Sjóðstreymi

	Í þúsundum kr.	2002	2001	2000*
Handbært fé frá rekstri		119.167	193.963	76.545
Fjárfestingahreyfingar		(315.593)	(925.719)	(777.736)
Fjármögnunarahreyfingar		260.994	450.039	844.702
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		64.568	(281.717)	143.511
Handbært fé í ársbyrjun		64.127	345.844	202.333
Handbært fé í árslok		128.695	64.127	345.844

* Tölur ársins 2000 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum hina sameinuðu sjóða fyrir árið.

Skráningarlýsing skuldabréfa Sparisjóðs Vestfirðinga

Eignarhlutar í öðrum félögum

Nafn	Kennitala	Aðsetur	Eignarhluti í %	Nafnverð í þús. kr.	Bókfært verð í þús. kr.
Hlutdeildarfélög:					
Tölvumiðstöð sparisjóðanna	700389-1119	Hlíðarsmára 19, 200 Kópavogur	0,9%		6.131
Reiknistofa bankanna	551073-0339	Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík	2,7%		8.427
Samtals:					14.558
Önnur félög:					
Alþjóða líftryggingarfélagið hf.	621066-0229	Lágmúla 5, 108 Reykjavík	2,30%	317	8.755
Byggingarfélag Súðavíkur ehf.	450593-2149	Njarðarbraut 14, 420 Súðavík	8,00%	40	65
Eignarhaldsfélag Vestfirðna hf.			9,20%	550	622
Fjölínir ehf.	530289-2069	Fjölínsgötu 2b, 603 Akureyri	0,10%	500	500
Greiðslumiðlun hf.	500683-0589	Álfabakka 16, 109 Reykjavík	0,70%	1.087	16.161
Intrum á Íslandi hf.	701195-3109	Laugavegi 97, 101 Reykjavík	0,40%	3	1.291
Kreditkort hf.	440686-1259	Ármúla 28, 108 Reykjavík	0,40%	206	3.042
Nb.is - sparisjóður hf.	540502-2930	Ármúla 13a, 108 Reykjavík	4,00%	3.955	17.005
Scandinavian Holding SA		Luxemborg	2,00%	8.146	40.782
Smárahúsið ehf.	660199-3149	Hlíðarsmára 19, 200 Kópavogi	2,00%	50	57
Sp Fjármögnun hf.	620295-2219	Sigtúni 42, 104 Reykjavík	2,50%	6.454	24.892
Sparisjóðabanki Íslands hf.	681086-1379	Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík	2,90%	17.649	80.566
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	640491-1249	Hafnarbraut 36, 780 Hornafirði	1,20%	981	1.784
Sparisjóður Bolungarvíkur	610269-7379	Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík	6,50%	2.706	3.158
Sumarbyggð ehf.	510998-2359	Njarðarbraut 14, 420 Súðavík	2,10%	140	158
Samtals:					198.838

Stjórn, stjórnendur og endurskoðendur

Stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga:

Guðmundur Steinar Björgmundsson, formaður, kt. 080448-4069, Kirkjubóli, Valbjófsdal, 425 Flateyri.

Bónði

Bjarni Einarsson, kt. 301032-2699, Fjarðargötu 49, 470 Þingeyri

Fyrirverandi útgerðarstjóri

Gísli Þór Þorgeirsson, kt. 300944-3969, Aðalstræti 12, 450 Patreksfjörður.

Múrarmeistari

Jón Björgvin G. Jónsson, kt. 080260-2299, Mýrum 4, 450 Patreksfjörður.

Yfirlæknir

Óskar Karl Eliasson, kt. 301153-5469, Fögrubrekku, 420 Súðavík

Verslunarstjóri

Helstu stjórnendur:

Angantýr V. Jónasson, kt. 190455-2469, Vallargötu 4, 470 Þingeyri og Bakkasmára 29, 200 Kópavogi, sparisjóðsstjóri.

Eiríkur Finnur Greipsson, kt. 201053-5369, Grundarstíg 2, 425 Flateyri, aðstoðarsparisjóðsstjóri.

Steinn Ingi Kjartansson, kt. 011249-2139, Holtagötu 7, 420 Súðavík, skrifstofustjóri.

Hilmar Jónsson, kt. 110441-3719, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður, útibússtjóri.

Endurskoðandi

KPMG Endurskoðun hf., Helgi F. Arnarson, löggiltur endurskoðandi, kt. 030657-2339, Vesturbergi 179, 111 Reykjavík.